

Picasso, 1991

# Konur

Konur, prúðbúnar, settlegar, frjálslyndar, viljalausar, framandi, erótískar, atorkusamar, ögrandi, táknrænar, ástkonur, vestrænar, raunverulegar, örlagavaldar, austurlenskar, bjargvættir, eiginkonur, ofurkonur. Listasaga Vesturlanda, sem fram á okkar daga er sköpuð af körlum, er full af konum: Rubens, Ingres, Manet, Matisse og Picasso, til að mynda, skópu konur, annars konar konur, gáfu okkur nýja sýn á konur. Erró skapar ekki konur. Hann velur þær úr myndheimi listasögunnar og teiknimyndaseríunnar, úr ljósmyndaalbúminu, rífur/frelsar þær út úr sínu upprunalega umhverfi, græðir þær inn í nýtt samhengi, gefur þeim nýja merkingu — oftast margræða — í myndheimi sem virðist á sífelldri hreyfingu/tilfærslu, umsköpun, þar sem hlutir og fólk, ýmist útfært með línuteikningu teiknimyndasögunnar eða mótað af ljósmyndalegu raunsæi, renna stöðugt milli myndheima og merkingarsvæða. Það er engin regla á því hvers konar eða hvernig konur birtast í verkum Erró. Oftast eru þær kyntákn, eins konar framlenging eða andstæða innan um ýmiskonar hluta-tákn (stríðstól eða ávexti), mismunandi erótískar. Stundum og sér í lagi undafarin ár eru þær dugmiklar og krefjandi baráttukonur, ofurkonur, sem allt í senn eru heillandi, stríðandi, kynferðislega ögrandi, konur sem eru í senn örlagavaldar og draumórar.

# Women

Women, smart, staid, liberal, unpurposeful, exotic, erotic, energetic, provocative, symbolic, lovers, western, real, fateful, oriental, salvationary, wives, superwomen. The history of western art, which up to the present day has been created by men, abounds in women: Rubens, Ingres, Manet, Matisse and Picasso, for example, created women, a different type of women, gave us new insights into women. Erró does not create women. He selects them from the visual world of art history and cartoons, from photo albums, tears/liberates them from their original environment, transplants them into a new context, lends them a new meaning — usually ambiguous — in a pictorial world that appears to be continually moving/shifting, transformation, in which objects and people, developed with line drawing from cartoons or shaped by photographic realism, flow constantly between pictorial worlds and areas of meaning. There are no rules about the type of women who appear in Erró's work. Generally they are sex symbols, a kind of extension or antithesis in among all manner of object symbols (war machinery or fruit), erotic to varying degrees. Sometimes, and particularly in recent years, these have been industrious, insistent and tough women, superwomen, enchanting, teasing and sexually provocative all at once, women who at once make fate and make fantasy.

*Gunnar B. Kvaran*



La Meduse (The sectret revealed siptique)

## Inngangur

Það er ljóst að mörg undanfarin ár hefur þrengt verulega að öllu því starfi sem Listasafn Reykjavíkur innir af hendi, og því er sú uppbygging sem nú er hafin í Hafnarhúsinu afar mikilvægt skref í þróun þess til framtíðar. Með tilkomu þessa nýja rýmis verður kleyft að setja upp varanlegar sýningar á úrvali listaverka í eigu safnsins, um leið og tækifæri gefst til að nýta nýjustu tækni til eflingar fræðslustarfi og þjónustu við gesti þess.

Það eru spennandi tímar framundan í menningarlífi borgarinnar, hvort sem litið er til skemmri tíma, þ.e. nýhafinnar Listahátíðar í Reykjavík, eða lengra fram á veg, þar sem uppbygging menningarstofnana borgarinnar í tveimur húsum við Tryggvagötu ber hæst.

Það er vel við hæfi að kynna lítillega þessa uppbyggingu á Listahátíð í Reykjavík á þessu ári. Þótt húsnæðið sé ekki endanlega frágengið þá er fróðlegt fyrir gesti að kynnast væntanlegu Listasafni Reykjavíkur á þessu stigi framkvæmdanna. Þessi kynning er gerð með stórri sýningu á verkum listamannsins Erró. Erró hefur verið dyggur stuðningsmaður Listasafns Reykjavíkur um langt árabil, og er stórt safn verka hans einn merkasti hluti þess. Viðfangsefnið „Konur" gefur gestum góða innsýn í þá dirfsku og þann kraft sem er að finna í allri listsköpun Errós; þar er hvergi slakað á, enda þess síst að vænta frá þessum öfluga listamanni.

Fyrir hönd menningarmálanefndar vil ég óska borgarbúum til hamingju með þessa fyrstu sýningu í nýju húsnæði Listasafns Reykjavíkur. Von mín og vissa er að þar megi vænta mikils fjölda markverðra listviðburða í framtíðinni.

## Foreword

Since all the activities undertaken by Reykjavík Art Museum have been clearly constricted in recent years, the expansion that has now begun in new premises by the harbourside is a vital step in its future development. The opening of new space there will allow the museum to stage permanent exhibitions from its collections, while also creating an opportunity for using the latest technology to step up its educational role and services for visitors.

Exciting times lie ahead on the Reykjavík cultural scene, both in the immediate future with the newly opened Reykjavík Arts Festival and farther on the horizon, led by the development of the city's cultural institutions in two buildings on Tryggvagata in the heart of town.

This year's Reykjavík Arts Festival is an appropriate occasion for a brief introduction to this development, because although work on the premises is not completed, it will be interesting for visitors to gain some idea of what they may expect from Reykjavík Art Museum at this stage. This preview is being made with a large exhibition of works by Erró, who has been a loyal supporter of Reykjavík Art Museum through the years and whose large donation of works forms one of the most remarkable parts of its collection. His theme, „Women" gives visitors a good insight into the boldness and vigour which characterize all Erró's work, the ceaseless intensity of this dynamic artist.

On behalf of the Cultural Committee of the City of Reykjavík I would like to congratulate the people of Iceland's capital on their first exhibition in Reykjavík Art Museum's new premises, with the hope that a large number of noteworthy artistic events will be scheduled there in the future.




# Listasafn Reykjavíkur – Errósafn
## Reykjavík Art Museum – Erró Collection

Maí — ágúst 1998




# Erró

## Konur
## Women